



Ofanflóðanefnd
b.t. Hafsteins Pálssonar
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 23. september 2021
Málsnr. 2109057 / EP

Efni : Ofanflóðavarnir á Siglufirði - Stóri Boli, fyrirspurn frá íbúum

Á 710. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar var eftirfarandi bókun gerð í kjölfar fyrirspurna frá íbúum við Norðurtún á Siglufirði.

2109057 - Ofanflóðavarnir - Stóri Boli, fyrirspurn frá íbúum

Lögð eru fyrir fundin gögn er varða fyrirspurn frá íbúum við Norðurtún á Siglufirði vegna öryggis ofanflóðavarna. Fyrirspurnin snýr m.a. að öryggi þeirra sem búa undir svonefndum Stóra Bola sem er varnargarður syðst í byggðarkjarnanum og er sett fram í ljósi rýminga sem áttu sér stað síðasta vetur. Bæjarstjóri fór einnig yfir óformleg samskipti sem hann hefur átt við starfsmann ofanflóðanefndar og veðurstofuna vegna málsins, samskipti sem ekki hafa skilað skýrum svörum um öryggi íbúa eða hugsanlegar úrbætur á varnavirkjum.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að senda formlegt erindi á ofanflóðanefnd og óska svara um stöðu mála er varða breytt hættumat í kjölfar snjóflóða á Flateyri og hugsanlegar úrbætur á varnavirkjum. Einnig er bæjarstjóra falið að senda erindi til Veðurstofu Íslands og óska upplýsinga um hvort stofnunin hafi uppi áætlanir um aukið eftirlit með snjóalögum á komandi vetri.

Hér með er þess farið á leit að sveitarfélagið verði upplýst um stöðu mála er varða breytt hættumat sem leiðist af snjóflóði sem féll á Flateyri og hugsanlegar úrbætur á varnarmannvirkjum. Einnig er óskað eftir, ef mat fagaðila er að bæta þurfi varnarmannvirki, tímasettri áætlun um úrbætur og hvað gert verður í millitíðinni varðandi t.d. vöktun.

Virðingarfyllst.

Elías Pétursson
bæjarstjóri

Bréf þetta er sent með rafrænum hætti á uar@uar.is og hafsteinn.palsson@uar.is.